

97 einnig þau, sem ákveðin eru af sýslunefnd eða amtsráði, og getur varla verið vafi um það, að rjett sje að ávísa úr sýslusjóði sjerhverju gjaldi því, er varðar almenning í sýslunni þó bein lagageimild sje ekki fyrir því. Þarf samþykkis amtsráðs til þess, ef gjaldið verður heimfært undir 43. gr. sbr. 26. gr. tilsk., en annars ræður sýslunefndin því ein.

Með því nú að sýslunefndin hefir ákveðið, að greiða skuli gjald það, er hjer ræðir um úr sýslusjóði, með því að gjaldið eptir samhuga álitu sýslunefndarinnar og amtsráðsins snertir hag sýslubúa, og með því að það verður ekki heimfært undir 43. gr. sbr. 26. gr. tilsk. 4. maí 1872, má hin áminnzta útgjaldagrein í sýslureikningnum samkvæmt 42. gr. tilskipunarinnar óhöggud standa.

98 — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um styrk handa barnaskóla.*
13. júní. — Samkvæmt tillögum stiptyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 3. þ. m.; hefi jeg af fje því, sem getur um í 13. gr. C.6. fjárlaganna veitt barnaskólanum í Gerðum í Rosmhvalanesshreppi 200 kr. styrk fyrir þetta ár.

Þetta er tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, og læt jeg fylgja ávísun á áminnzta upphæd.

99 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um sakamálskostnað.*
21. júní. — Með úrskurði frá 1. nóv. f. á. er sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu hefir skotið hingað, hafið þjer, herra amtmaður, ákveðið, að 74 kr. málskostnaður við rannsókn um þjófnaðargrun gegn Ólafi nokkrum Ólafssyni auknefndum «kunningja», ætti ekki að greiðast úr jafnaðar sjóði, heldur af þú Ólafs, en hann dó áður en rannsóknin var til lykta leidd, og sakamál höfðað á móti honum.

Hin áminnzta rannsókn byrjaði 29. ágúst 1877 á Seyðisfirði, og gekk grunurinn út á, að Ólafur hefði stolið 5 kindum, sem hann haustið þar á undan, 1876, hefði haft undir höndum og sagt, að hann hefði keypt af vesturförum; en kostnaður sá sem spurning er um, hefir sprottið af 2 ferðum, sem sýslumaður fór 10. og 23. sept. 1877 til að yfirheyra vitni í málinu. Þjer byggði herra amtmaður, úrskurð yðar á því, að Ólafur heitinn hafi gefið tilefni til rannsóknarinnar; en þó þetta kynni að vera, og þó spurning hefði orðið um, að dæma hann til að greiða bæði kostnað þenna og annan málskostnað, ef mál hefði verið höfðað móti honum, áður en hann dó, getur því síður komið til tals að skipa sýslumanni nú að höfða mál fyrir þessum kostnaði gegn erfingja Ólafs, er virðist að hafa tekið við búinu eptir hann, sem líkur þær, er koma fram gegn neitun Ólafs um að hafa orðið sekur í því, sem upp á hann var borið, ekki voru svo sterkar, að líklegt sje, að hann, ef ekkert meira hefði komið fram gegn honum, hefði orðið fyrir útlátum í málinu.

Samkvæmt því, sem þannig er sagt, og með því að þjer, herra amtmaður, hafið samþykkt upphæd kostnaðarins, fæ jeg ekki sjeð, að jafnaðarsjóður norður- og austuramtsins komist hjá að greiða þessa upphæd.

100 — *Brjef landshöfðingja til amtsráðs norður- og austurumdæmisins um fæðis-*
25. júní. *kostnað málleysingja.* — Í brjefi frá 28. f. m. hafa hinir 2 kosnu amtsráðsmenn út af því, að jeg 25. apríl þ. á. hafði beiðzt álits amtsráðsins um það, hvort mál-

laus unglíngur úr Skagafjarðarsýslu, Friðrik Jónsson að nafni, yrði sendur til Kaupmannahafnar til þess að njóta þar kennslu á hinni konunglegu málleysingjastofnun, skorað á mig að úrskurða, hvornig skilja eigi 2. gr. tilskip. 26. febr. 1872, og hefir hinn nefndi meiri hluti amtsráðsins haldið fram þeim skilningi á tjeðri grein, að jafnaðarsjóðurinn eigi að ljúka allan þann aukakostnað, er af kennslu málleysingja og ferð þeirra á viðkomandi kennslustofnun leiðir, en að aptur framfærsluhreppur hlutaðeiganda eigi að greiða svo mikinn hluta af öllum kostnaði hans, frá því hann fer að heiman og þar til hann kemur aptur heim, sem svarar meðlagi því, er með honum væri lagt þennan tíma, ef hann væri kyr í sveit sinni.

Eins og amtsráðið virðist játa, verð jeg að vera á því, að með orðunum í 2. gr.: «Þeir sem standa eiga straum af barninu», sje að eins átt við foreldra og aðra einstaka menn, sem beri að annast um uppfóstur hinna nefndu barna, en ekki við fátækrastrjórn þá, sem á að framfæra barnið, ef það á engan vandamann að. En ef fátækrastrjórnin þannig ekki er skyld til á sama hátt og vandamenn hlutaðeiganda að borga allan þann kostnað, er getur um í 2. gr. tilsk. 26. febr. 1872, þó hún sje fær um það, getur varla komið til tals, að henni beri að greiða hluta af kostnaðinum. Kennsla sú, sem hjer er um að ræða, getur að eins farið fram á vissum kennslustofnunum, og kostnaður til fæðis og húsa-skjólís á þeim er því rjett talinn kostnaður við kennsluna, eins og hin hjer um rædda lagagrein kemst að orði, sbr. 4. gr. yfirsetukvænnalaganna 17. desbr. 1875, þar sem jafnvel ferðakostnaður til og frá kennslustaðnum er talinn með kennslukostnaðinum; og hvað öðru líður, er ekki mögulegt, eins og kennslu mál- og heyrnarleysingja nú er hátt að, að tilgreina sjerstaklega, hve mikið af kostnaðinum við dvöl hlutaðeiganda á kennslustofnuninni sje borgun fyrir kennsluna, og hve mikið fyrir fæði og aðra aðhlyningu. Enn fremur er það ljóst, að rjett talinn kostnaður fyrir fæði m. m. handa málleysingja á kennslustofnun optast mun nema allt annari upphæð en meðlagið, er með honum hefði verið lagt, ef hann hefði verið kyr í sveit sinni.

Það er þannig ljóst, að allur kostnaður við kennslu málleysingja frá því að hann fer að heiman og þangað til hann kemur heim aptur, verður að greiðast úr amtsjafnaðarsjóði, ef hlutaðeigandi er ekki fær um að borga hann sjálfur eða foreldrar hans eða aðrir vandamenn; en í sambandi hjer með vil jeg benda á, að amtsráðið í 5. lið 52. gr. tilsk. 4. maí 1872 hefir lagaheimild til þess að mynda með tillögum úr sýslu- og hreppssjóðum amtsfátækra sjóð til þess að standast þvilíkan kostnað.

— *Brjef landshöfðingja til stiptysfirvaldanna um prestsmötugjald af jörð, er fleiri eiga.* — Með brjefi frá 31. f. m. hafa stiptysfirvöldin endursent mjer brjef Eyjólfís bónda Gíslasonar á Vötnum, þar sem hann kvartar yfir því, að heimtað hafi verið af sjer sem einum eiganda Hjallatorfunnar meira prestsmötugjald, en sjer að rjettri til-tölu við meðeigendur sína beri að greiða. Af skýrslum þeim, sem nú eru komnar fram í málinu, sjest, að kærandi hafi hinn 18. jan. 1868 fyrir hlutaðeigandi sáttanefnd skuldbundið sig til, meðan hann er að nokkru leyti eigandi Hjallakirkju, að svara árlega til hins þjónanda sóknarprests í Arnarbælis prestakalli einmitt þessu sama prestsmötugjaldi, sem hann nú kvartar undan, og með því skilyrði, að honum sje geymdur rjettur til fullkomins og skaðlauss endurgjalds hjá nokkrum eða öllum sameigöndum Hjallatorfunnar. Sátt þessari verður ekki breytt, nema með samþykki prestsins á Arnarbæli, en kröfur kærandans gagnvart meðeigöndum sínum eru kirkjustjórninni óviðkomandi, og verður kær-